



Lúxemborg, 15. janúar 2003

## Fréttatilkynning

Í dag, 15. janúar 2003 kl 18.00 var haldið opið þinghald EFTA-dómstólsins í Cercle Municipal byggingunni í Lúxemborg. Tílefni þess voru starfslok Þórs Vilhjálmssonar dómara og forseta dómstólsins. Í sama þinghaldi sór Þorgeir Örlygsson embættiseið og tók formlega við embætti dómara til 31. desember 2008.

Að þessu loknu kusu dómarar Carl Baudenbacher sem forseta dómstólsins til næstu þriggja ára. Forseti stjórnar dómstörfum og er yfirmaður stjórnsýslu stofnunarinnar.

**Thór Vilhjálmsson** (f. 1930). Stundakennari og lektor við lagadeild Háskóla Íslands 1959–67; Prófessor 1967–76; Deildarforseti 1968–70; Forstöðumaður lagastofnunar 1974–76; Fulltrúi borgardómara 1960–62; Borgaradómari 1962–67; Dómari við Mannréttindadómstól Evrópu 1971–1998; Varaforseti þess dómstóls 1998; Dómari við Hæstarétt Íslands 1976–1993, forseti Hæstaréttar 1983–84 og 1993; Í sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1963, sæti í landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna 1972 og 1973, fulltrúi Íslands á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1974 og 1975 sem og á fleiri alþjóðaráðstefnum. Formaður Lögfræðingafélags Íslands 1971–74; Ritstjóri Tímarits lögfræðinga 1973–83; Dómari við EFTA-dómstólinn frá 1. janúar 1994, forseti hans frá 11. janúar 2000.

**Carl Baudenbacher** (f. 1947). Aðstoðarkennari við háskólann í Bern 1972–75 og við háskólann í Zürich 1976–1978; Alexander von Humboldt styrkþegi við Max Planck-stofnunina fyrir alþjóðlegan hugverkarétt í München 1979–1982; Aðstoðarmaður dómara við héraðsdómstólinn Bulach 1982–1984; Gistiprófessor við háskólann í Bochum, Berlin, Tübingen, Marburg og Saarbrücken 1984–86; Prófessor í fjármunarétti og vinnurétti við háskólann í Kaiserslautern 1987; Prófessor í viðskipta og fjármunarétti við háskólann í St. Gallen 1987; Forstöðumaður evrópuréttarstofnunarinnar við sama skóla 1990; Gistiprófessor við háskólann í Genf 1991; Forsæti fyrir ráðstefnu um samkeppnisrétt í St. Gallen 1993; Gistiprófessor við lagadeild háskólans í Austin í Texas 1993; Sérfræðilegur ráðgjafi ríkisstjórnar Liechtenstein um málefni sem varða EES-samninginn 1990–1994; Dómari við Hæstarétt Liechtenstein 1994–95; Dómari við EFTA-dómstólinn frá 1995; Forseti EFTA-dómstólsins frá 15. janúar 2003.

**Þorgeir Örlygsson** (f. 1952). Fulltrúi yfirborgardómara 1978 – 82; Aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands 1982 – 84; Dósent við lagadeild Háskóla Íslands 1984 – 86; Borgaradómari í Reykjavík, 1986 – 87; Prófessor við



lagadeild Háskóla Íslands 1987 – 99; Ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu frá 1999.

Frekari upplýsingar veitir dómritarinn Lucien Dedichen. Sími 00 35 2 42 10 81, Fax 00 35 2 43 43 89.